

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 225. FUNDUR.

225. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 21. nóvember 2013 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013 undir 5. lið. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð skipulags- og umhverfiráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 227. fundar. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 2. Álagning útsvars, skatta og gjaldskrár ársins 2014.

#### Lögð fram svohljóðandi tillaga um álagningu fasteignagjalda og útsvars árið 2014.

Útsvar	14,48%	
Fasteignaskattur A-gjald	0,38%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30%	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	7,69	kr. pr. m <sup>2</sup>
Lóðarleiga, ræktað land	1,06	kr. pr. m <sup>2</sup>
Holræsagjald	0,25%	af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,31%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	14,00	kr. m <sup>3</sup>
Hreinsun rotþróa:		
0-2000 lítra	7.194 kr. pr. þró	
2001-4000 lítra	8.609 kr. pr. þró	
4001-6000 lítra	10.260 kr. pr. þró	
6001 lítra og stærri	2.712 kr. pr. m <sup>3</sup>	
Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr. 28.500	
Sorpgjald á lögbylí í rekstri, þar sem ekki er hirt sorp	kr. 18.500	
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 14.000	
Sorpgjöld fyrirtækja í fyrrum Bæjarhreppi/skv.lista svstj.		

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatí ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4

Gjalddagi gjalda undir kr. 17.000 er 1. maí

Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 17.000 til 30.000 eru 1. apríl og 1. júlí

Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Lögð fram tillaga að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra.**

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

**Lögð fram tillaga að gjaldskrá annarra þjónustustofnana aðalsjóðs.**

Tillagan með áorðnum breytingum borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Húnaþings vestra.**

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Lögð fram tillaga um að upphæð frístundakorts verði kr. 17.000 á árinu 2014.**

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**3. Reglur um afslátt fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um afslátt af fasteignaskatti fyrir elli- og 75% örorkulífeyrisþega árið 2014.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur. og tekur einungis til fasteignaskatts.

**Tekjuviðmiðun:**

**Fyrir einstaklinga:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 2.800.000 fær 100% afslátt
- b) Með tekjur umfram kr. 3.850.000 enginn afsláttur

**Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 3.850.000 fær 100% afslátt
- b) Með heildartekjur umfram kr. 5.200.000 enginn afsláttur.  
Ef tekjur eru skv. framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur

1. Elli- og/eða 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði
2. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
3. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
4. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**4. Fjárhagsáætlun ársins 2014 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2015-2017 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki. Síðari umræða.**

**Lögð var fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2014 ásamt áætlun fyrir árin 2015-2017.**

Lögð fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða

fjárhagsáætlun ársins 2014 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2015-2017 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## Húnaþing vestra

### Fjárhagsáætlun 2014

#### Greinargerð

#### **Gerð fjárhagsáætlunar 2014.**

Á síðustu árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra brugðist við óhagstæðu efnahagsumhverfi með þeim skynsamlega hætti að ráðast í beinar hagræðingaraðgerðir, og lækkun skulda. Þessar aðgerðir hafa skilað þeim árangri að reksturinn er í ágætu jafnvægi og fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur styrkst umtalsvert. Þrátt fyrir þá staðreynd þarf enn að gæta aðhalds og sparnaðar í rekstri og eftirsóknarvert er að lækka skuldir Húnaþings vestra enn frekar. Í því samhengi skal nefnt að Húnaþing vestra hefur ekki tekið ný lán á árunum 2012-2013 og ekki er gert ráð fyrir nýrri lántöku í framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðið saman að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014. Þannig hafa fulltrúar í meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar sameinast um megin áherslur og inntak áætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014 var í fyrsta sinn unnið eftir nýjum reglum um gerð fjárhagsáætlunar sem sveitarstjórn samþykkti fyrir á árinu. Fjárhagsáætlun sveitarfélags er eitt mikilvægasta stjórnþæki hvernar sveitarstjórnar og skal hún vera stefnumarkandi um ráðstöfun tekna og gjalda vegna m.a. reksturs og fjárfestinga sveitarsjóðs og undirfyrirtækja.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill þakka framkvæmdaráði sveitarfélagsins, sem í sitja sveitarstjóri ásamt þremur sviðsstjórum sveitarfélagsins, fyrir þeirra veigamikla þátt við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014. Fjárhagsáætlunir einstakra deilda voru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þeim fyrir vilja og jákvæðni sem þeir hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og starfsmönnum skal einnig þakkað fyrir að hafa gætt aðhalds og sparnaðar í rekstri á yfirstandandi ári.

Frumjöfnuður tekna og útgjalda er afar mikilvægur. Í samræmi við ákvæði fjármálareglna, sem gilda um rekstur sveitarfélaga, um skuldaviðmið og jafnvægi í rekstri er rekstrarmiðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2014 fyrir samstæðu A- og B-hluta sveitarsjóðs jákvæð.

Á árunum 2011 og 2012 lækkuðu framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga umtalsvert og hefur sveitarstjórn þurft að aðlaga sig að þeirri breyttu stöðu á liðnum árum. Talsverð óvissa ríkir á vinnumarkaði vegna kjarasamninga sem eru lausir á árinu 2014 og víst er að rekstur sveitarfélaganna ræður lítt við óraunhæfar væntingar um umtalsverðar kjarabætur til handa einstökum starfsstéttum. Verðbólga á árinu 2013 hefur verið nokkru hærri en þjóðhagsspár gerðu ráð fyrir í upphafi árs en gagnvart árinu 2014 ríkir mikil óvissa um þróun verðlags t.d. vegna gerðar kjarasamninga og mögulegra aðgerða ríkisstjórnarinnar varðandi skuldavanda heimilanna. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir 4,0% verðbólgu og kemur það óhjákvæmilega fram í hærri fjármagnskostnaði en æskilegt getur talist. Þó skal þess getið að fjármagnskostnaður sveitarfélagsins hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum þar sem ný lán hafa ekki verið tekin frá árinu 2011 en lán verið greidd upp á sama tíma. Á árinu 2010 voru fjármagnsliðir nettó alls kr. 54,8 milljónir en í fjárhagsáætlun ársins 2014 eru þeir áætlaðir kr. 35,8 milljónir og eru fjármagnsliðir því áætlaðir 19 milljónum kr. lægri en þeir voru á árinu

2010. Þá skal þess getið að sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra á árinu 2012 hefur skilað verulegri rekstrarhagræðingu sem skýrir að hluta góðan árangur í rekstri sveitarfélagsins á liðnum árum.

Á liðnum árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra almennt hækkað gjaldskrár í samræmi við verðlagsbreytingar. Þó skal nefnt að gjaldskrá vistunargjalds leikskóla og gjaldskrá vegna reglulegrar sorphirðu hafa ekki verið hækkaðar frá árinu 2011. Hér skal þess einnig getið að gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra verður ekki hækkuð á árinu 2014. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 mun álagning fasteignaskatts á A-hluta fasteigna, sem eru m.a. íbúðarhúsnæði, sumarhús, úthús í sveitum og hlunnindi, lækka úr 0,40% af fasteignamati í 0,38%. Þessi ráðstöfun er framkvæmanleg vegna þess að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur batnað umtalsvert á síðustu árum.

Á árinu 2014 er gert ráð fyrir talsverðum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Stærstu fjárfestingarverkefni ársins 2014 er bygging vatnsrennibrautar við sundlaug Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra og lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Þá skal nefna endurnýjum dráttarvélar og bifreiðar, uppsetningu gatnalýsingar á Borðeyri, kaup á húsbúnaði í grunnskóla og uppsetningu náttúruleiktækja í Kirkjuhvammi. Í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2014 er gert ráð fyrir auknum fjármunum til viðhalds fasteigna, viðhalds heiðagirðinga, viðhalds gangnamannaskála, viðhalds styrkvega, áframhaldandi endurbóta á lóð Grunnskóla á Hvammstanga, endurbóta á göngubrú á Garðavegi og áframhaldandi uppsetningu þjónustuskilta í dreifbýli. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir ófyrirséðum útgjöldum að fjárhæð kr. 13 milljónir. Þá veitir Húnaþing vestra fjölmörgum félagasamtökum og menningarverkefnum styrki á árinu 2014 að fjárhæð alls 18 milljónir króna. Að síðustu skal nefnt að í fjárhagsáætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir að veitt verði fjárframlög úr nýstofnuðum Framkvæmda- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra og áfram er gert ráð fyrir fjármagni til atvinnuátaksverkefnis.

## **Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2014**

Áætlunin er lögð fram með 8,5 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri A-hluta samstæðunnar. Áætlað er að fráveita, hitaveita og vatnsveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Rekstarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 50,7 millj. kr. en heildarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 14,8 millj. kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 1.058 millj. kr. en gjöld 1.046 millj. kr. án tillits til fjármagnsliða. Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.180 millj. kr. en gjöld 1.130 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 35,8 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 80,1 millj. kr.

Hlutfall veltufjár frá rekstri er áætlað 7,5%

Áætlað er að afborgun langtímalána nemi kr. 57,9 millj. kr. á árinu 2014.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2014.

Handbært fé í árslok 2014 er áætlað kr. 49,6 millj. kr. sem er lækkun um 46,7 millj. kr. frá ársbyrjun.

Gert er ráð fyrir hækkun á eigin fé um 14,8 millj. kr. frá fjárhagsáætlun ársins 2013.

Gert er ráð fyrir lækkun skulda og skuldbindinga um 31,4 millj. kr. frá fjárhagsáætlun ársins 2013.

Eignfærð fjárfesting á árinu 2014 er alls kr. 71,3 milljónir.

Lögð fram eftirfarandi bókun B-lista 2013

Við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar núverandi meirihluta vilja fulltrúar B - listans koma eftirfarandi á framfæri.

Sveitarstjórnarfulltrúar B-lista lýsa ánægju með að meirihlutinn viðhaldi þeim vinnubrögðum sem áður tíðkuðust þ.e. að öll sveitarstjórnin vinni sameiginlega að fjárhagsáætlanagerð. Einnig lýsum við ánægju okkar með sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Sameining sem hefur m.a. eflt fjárhagslegan styrk sveitarfélagsins til muna sem þó var með ágætum í upphafi kjörtímabilsins. Á kjörtímabilinu hafa fulltrúar B-lista hvatt til aukinna framkvæmda bæði með tillöguflutningi og í orðræðu. Sveitarfélög með fjárhagslegt bolmagn eiga að stuðla að uppbyggingu ekki síst á tímum samdráttar og fólksfækkunar.

Elín R. Líndal , Ragnar Smári Helgasson

#### 5. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013, oddviti kynnti.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013

“a) Á fundi Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna þann 19.11 2013 var samþykkt að eigendur safnsins gerðu upp skuld sína frá fyrri árum við Húnaþing vestra, sem dreifa skal á 3 ár. Hlutur Húnaþings vestra í þessari skuld á árinu 2013 er kr. 850.000.

b) Óskað er eftir heimild til uppgreiðslu tveggja lána aðalsjóðs við Íbúðalánasjóð að upphæð kr. ca 8,5 milljónir

Mikill sparnaður felst í því að greiða niður lán , sem kemur þá fram í lægri fjármagnskostnaði (vöxtum og verðbótum) og góð staða sveitarsjóðs á handbæru fé gerir þetta mögulegt. Útgjöldum verði mætt með lækkun á handbæru fé”.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:26

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir..

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari